



## 491. Stjórnarfundur haldinn 26. september. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),  
Birgir Ingibergsson (BI) Sveinn Adolfsson (SA), og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG) og Birgir Már Bragason (BMB)

### 1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá UMFÍ v/gagna fyrir sambandsþing. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá Sveinbjörgu Sigurðardóttur v/útburðar á jólablaði Keflavíkur 2017. *Móttekið.*

### 3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda v/skila á greinum og myndum í jólablað Keflavíkur 2017. Skilafrestur er 12. nóvember á greinum og myndum.

Tölvupóstur með gögnum fyrir 50. sambandsþing UMFÍ sendur á þingfulltrúa og aðalstjórnarmenn.

### 4. 50. Sambandsþing UMFÍ.

Keflavík á ellefu þingfulltrúa en átta einstaklingar hafa gefið kost á sér til þingsetu á 50. Sambandsþingi UMFÍ sem haldið verður á Hallormstað 14. – 15. október. Framkvæmdastjóri er búin að panta flug og gistingu. Þau gögn sem hafa borist hafa verið send á þingfulltrúa í tölvupósti. EH bað stjórnarmenn að kynna sér vel þau gögn sem lægju fyrir þinginu og hefðu verið send í tölvupósti. EH kynnti tillögu sem hann ætlar að leggja fram á þinginu v/kostnaðar unglina í landsliðsferðum.

### 5. Launa- og bókhaldskerfi.

Komið er að því að taka upp nýtt launa- og bókhaldskerfi. Umræður um málið. *Ákveðið að skipta við Advania. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.*

### 6. Malarvöllurinn við Hringbraut.

Knattspyrnudeild Keflavíkur er að óska eftir því að geta nýtt malarvöllinn við Hringbraut, en fyrir er samkomulag við Reykjanesbæ frá 2010 um malarvöllinn hvernig svæði á að líta út. Spurning hvort ekki eigi að senda á bæjarstjóra hvor það standi til að standa við gerðan samning, ef ekki þá skila svæðinu til baka.

*Ákveðið að senda erindi á bæjarstjóra og óska svars við því hvort bæjaryfirvöld hyggjast standa við gerðan samning. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf þess efnis.*

### 7. Hringbraut 108

Eignaskiptayfirlýsing liggur fyrir og búið að boða fund með Óskari Ásgeirssyni, Friðjóni Einarssyni og Einari Haraldssyni í næstu viku til að fara yfir málið.

### 8. Jólablað Keflavíkur 2017.

EH sagði frá því að undirbúningur að jólablaði væri hafin. Búið væri að senda tölvupóst á deildir v/skila á greinum. Skil á greinum og myndum er 12. október. Stefnt er að blaðið komi út fyrstu eða aðra helgi í desember. Svo er spurningin hver verður í opnuviðtalinu ?.

### 9. Önnur mál.

Jólahlaðborð verður 2. desember á Grand hóteli.

Stuðningsmannkort í körfu. *Ákveðið að kaupa átta stuðningsmannakort af körfuknattleiksdeildinni. Framkvæmdastjóra falið málið.*

EH fór yfir bókun í tómsunda- og íþróttaráði 112. fundi mál nr.8 erindi unglingsráðs knattspyrnudeildar Keflavíkur v/malaravallarins við Hringbraut. EH er ósáttur við bókunina og mun óska eftir því við íþrótt- og tómsundaráð að það breyti bókunni þar sem haft er eftir EH, því það er ekki rétt.

Næsti fundur 12. október kl. 18:00

Fundi slitið 19:10 Fundinn ritaði BS.

